

Fundur í Vinnuvernarnefnd Grindavíkurbæjar fimmtudaginn 7. nóv. 2013 kl. 15:00.

Mættir voru: Þorsteinn Gunnarsson, Arnfinnur Antonsson, Sigurbjörg Erlingsdóttir, Halldóra Halldórsdóttir, Fríða Egilsdóttir og Lóa Björg Björnsdóttir. Einnig Valdís Brá Þorsteinsdóttir frá Vinnuvernd.

### **1. Áhættumat. Lokayfirferð**

Búið er að gera áhættumat fyrir allar stofnanir nema tvær sem eru í vinnslu. Jafnframt er búið að gera 6 skrefa aðferðaráætlun. Samþykkt að setja áætlanirnar á Innri vef, í vinnuverndarmöppu hvernar stofnunar. 6 skrefa áætlunin verður send strax á alla forstöðumenn. Nefndin leggur áherslu á að áhættumat hvernar stofnunar sé lifandi plagg.

### **2. Farið yfir Viðbragðsáætlun í eineltismálum**

Farið yfir áætlunina. Nefndin gerir ýmsar athugasemdir sem fram koma í vinnuskjali.

### **3. Önnur mál (10 mín).**

Umræður um álag á starfsfólk þegar forföll á vinnustað eru mikil.

Umræður um rýmingaráætlanir og teikningar í stofnanir eins og t.d. grunnskóla og leikskóla. Er það á ábyrgð slökkviliðsstjóra, byggingafulltrúa eða einhvers annars að setja slíkar teikningar upp? Samþykkt að senda erindi á slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið kl. 16:30.